

Ástarsaga úr fjöllum eftir Guðrúnu Helgadóttur



Drengur situr á steini hjá pabba sínum og hlustar á sögur. Sögurnar eru um fólkið á Íslandi; ekki bara mannfólkið heldur líka um huldufólkið og tröllin í fjöllum. Drengurinn þekkir huldufólkið sem býr í hverjum steini, í hverjum hamri og í hverjum hól. Huldufólkið er fínlegt og fallett og öllum þykir vænt um það. Hjá því er allt svo skínandi hreint og fágað, að mennirnir fá ofbirtu í augun ef þeir sjá inni álfhól. Enginn er hræddur við álfa.

En hann veit líka að í fjöllum búa tröll og hann er dauðhræddur við þau. Þau eru líka svo stór og ljót. Í sumum sögunum taka tröllin lítil börn, en það er ekki satt. Þau eiga nóg af óþekktum börnum sjálf.

Tröllin eru líka skelfilega hávær. Við heyrum stundum lætin í þeim þegar þau eru að taka til, þá hrynja klettar úr fjöllum, steinar og mól ryðjast niður fjallshlíðarnar þannig að eftir verður gróðurlaust gil og gljúfur.

Stundum elda þau líka mat, þá stendur gufustrókur upp úr fjöllum og sóti og ösku rignir yfir okkur mennina. Tröllin elskast líka alveg eins og mennirnir. Þau faðmast og kyssast og veltast um af ást, alveg eins og við. Þannig eignast þau alla stóru tröllakrakkana sína. Þessu fylgir mikil læti, jörðin titrar og hús hrynja. Þá segja mennirnir að nú sé kominn jarðskjálfti.

Drengurinn spyr pabba sinn hvort hann hafi séð tröll. Pabbi hans segir að tröllin ferðist bara þegar dimmt er. Ef dagsbirta skín á þau, verða þau að steini. Mörg íslensk tröll hafa orðið að steini. Þau komust ekki heim áður en sólin fór að skína.

Þetta er hún Flumbra gamla og strákarnir hennar átta. Einu sinni var hún skotin í stórum og ljótum tröllkarli. Hann átti heima langt í burtu, en hann var svo latur að hann nennti aldrei að heimsækja hana. Þess vegna varð hún að elta hann um allar jarðir. En þegar hún var komin til hans var hann skotinn í henni líka. Þau fóru að kyssast og veltast um af ást. Þetta gat ekki endað nema á einn veg. Hún eignaðist átta stráka. Mikið fannst henni stákarnir sínir fallegir. Öllum mömmum í heiminum finnst börnin sín svo falleg. Líka skessunni.

Eina nóttina gat Flumbra ekki sofið, hún varð að finna nöfn á alla strákana sína. Hún hugsaði og hugsaði.

Loksins fann hún nöfn á þá alla sem hún var ánægð með.

Sá fyrsti fékk nafnið Allfríður, næsti Fullfríður, þriðji Dáfríður, fjórði Smáfríður, fimmti Snoppufríður, sjötti, Stórfríður, sjöundi, Undurfríður og áttundi fékk nafnið Bráðfríður.

Flumbra var svo ánægð með nöfnin að hún ákvað að fara með alla strákana til pabba síns. Hún lagði af stað um nóttina en strákarnir voru svo óþekkir að hún var mjög lengi á leiðinni.

Hún komst aldrei alla leið til tröllkarlsins síns. Þegar hún var næstum kominn til hann kom sólinn upp og þau urðu öll að steini.

Flumbra og strákarnir hennar eru ennþá í fjallinu. Þau eiga eftir að standa þarna í þúsund ár. Þó svo að tröllkarlinn ætti leið hjá, mundi hann ekki þekkja þau. Hann vissi ekki að hann ætti alla þessa fínu stráka. Strákurinn er ekki lengur hræddur við tröll. Nú þekkir hann tröllin.

Hann veit líka að þau eru ekki ein. Á vorin koma kríurnar frá fjarlægum löndum og verpa í eyrun á henni Flumbru, þær eru næstum jafn háværar og strákarnir voru. Landið okkar er líka gott við þá sem þar búa. Það klæðir þau smá saman í falleg föt úr mosa og lyngi og grösum og skófum. Strákarnir fríkka með ári hverju og mamma þeirra er fín eins og fjallkona.

Þegar kólnar í veðri klæðir snjórinn strákana hennar Flumbru í hvítar vetrarúlpur og skessan mamma þeirra er fínasta tröllskessa í heimi í hvítu loðkápunni sinni.